

Fimmtudaginn 30. október 1997.

Nr. 28/1997.

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

(Ólafur Birgir Árnason hrl.)

gegn

Jóhönnu Pálmadóttur

(Gestur Jónsson hrl.)

Opinberir starfsmenn. Lífeyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1997 og krefst sýknu af öllum kröfum stefndu auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dráttarvextir verði ekki dæmdir fyrr en frá þingfestingu máls í héraði 16. nóvember 1995, en til þrautavara, að dráttarvextir verði ekki dæmdir frá fyrri tíma en 20. júní 1994. Hver sem úrslit málsins verði að aðalkröfu frágenginni, krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður falli niður.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Stefnda starfaði hjá Sjúkrasamlagi Akureyrar um langt árabil. Hún varð ekki sjálfkrafa félagi í áfrýjanda, sem áður hét Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar, en sótti um aðild að sjóðnum, og var umsókn hennar samþykkt 27. júní 1973 frá 1. janúar 1972 að telja. Stefnda greiddi iðgjöld til sjóðsins, þar til hún hóf að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 1. janúar 1990.

Með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem tóku gildi 1. janúar 1990, ákvað löggjafinn, að sjúkratryggingar yrðu eingöngu verkefni ríkisins og sjúkrasamlög þar af leiðandi lögð niður. Þær breytingar urðu þá á höfum stefndu, að hún varð ríkisstarfsmaður. Hjá sjúkrasamlaginu hafði hún verið aðalbókari, en nú varð hún tryggingafulltrúi. Við það lækkuðu laun hennar, en henni voru greidd biðlaun, sem námu þeirri launaskerðingu, í eitt ár. Hún varð 65 ára í ágúst 1992.

II.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvort stefnda hafi látið af starfi sínu eða verið áfram í starfi eftir 1. janúar 1990 í skilningi 1. mgr., sbr. 8. mgr. 12. gr. reglugerðar fyrir áfrýjanda. Í málinu reynir því á túlkun þessara ákvæða reglugerðarinnar.

1. mgr. 12. gr. hljóðar svo: „Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, hefur rétt til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri, enda láti hann þá af starfi sínu, og skyldur er hann að láta af starfi sínu í lok þess mánaðar, er hann nær 70 ára aldri.“

8. mgr. 12. gr. hljóðar svo: „Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.“

Samkvæmt 2. gr. áðurgildandi laga nr. 67/1971 um almannatryggingar voru sjúkrasamlög undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafði yfirumsjón með allri starfsemi hennar. Samkvæmt 37. gr. laganna skyldu í hverjum kaupstað og hverri sýslu vera sjúkrasamlög til þess að annast sjúkratryggingar. Með lögum nr. 87/1989 tók Tryggingastofnun ríkisins við þeim verkefnum, sem sjúkrasamlögin höfðu haft með höndum. Sjúkrasamlög voru lögð niður og starfsemi þeirra færð til afgreiðslna tryggingastofnunar á hverjum stað. Formbreytingar urðu þannig á starfsemi varðandi sjúkratryggingar samfara meginatriði laganna, sem var breyting á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Áfrýjandi kveður eitt markmið laga nr. 87/1989 hafa verið, að ekki skyldi verða breyting á réttindum og skyldum starfsmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum, hvorki til hags né tjóns.

III.

Með lögum nr. 87/1989 var mörkuð sú stefna, að sjúkratryggingar skyldu færast með öllu til ríkisins. Í lögunum var ekki mælt fyrir um áframhaldandi störf starfsfólks sjúkrasamlaganna. Tekið var fram í athugasemdum með 27. gr. lagafrumvarpsins: „Ekki er gerð tillaga um yfirfærslu starfsfólks, en um þann þátt gilda að sjálfsögðu reglur um opinbera starfsmenn, annars vegar þegar störf eru lögð niður og

hins vegar um forgang að störfum. Þetta er framkvæmdaratriði, sem ræða þarf til hlítar, áður en breytingarnar öðlast gildi.“

Nýr vinnuveitandi tók við starfsemi Sjúkrasamlags Akureyrar 1. janúar 1990. Ekki voru sett sérstök lagafyrirmæli um, að starfsmenn þess færdust sjálfkrafa til nýja vinnuveitandans með óbreyttum réttindum. Þar sem ekki var fyrir að fara slíkum lagafyrirmælum, verður að líta svo á, að stefnda, sem starfaði við Sjúkrasamlag Akureyrar og ráðin var til nýrra starfa með nýju starfsheiti á nýjum vinnustað, hafi látið af störfum sínum hjá sjúkrasamlaginu í skilningi 1. mgr. 12. gr. reglugerðar áfrýjanda. Ákvæði 8. mgr. sömu greinar verður ekki talið standa í vegi rétti stefndu til lífeyris. Verður því ekki fallist á kröfu áfrýjanda um sýknu.

Ekki er tölulegur ágreiningur í málinu, og verður áfrýjanda því gert að greiða stefndu kröfu hennar. Vegna ákvæða reglugerðar áfrýjanda um upphaf töku lífeyris og ákvörðunarrétt sjóðfélaga þar um verður þó tekin til greina þrautavarakrafa áfrýjanda um, að dráttarvextir dæmist frá 20. júní 1994, enda liggur ekki fyrir, að stefnda hafi á fyrri stigum krafist áfrýjanda um greiðslu lífeyris.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefndu málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dóms-
orði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, greiði stefndu, Jóhönnu Pálmadóttur, 728.519 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 435.061 krónu frá 20. júní 1994 til 1. júlí sama árs, 454.239 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 473.417 krónum frá þeim degi til 1. september sama árs, 492.595 krónum frá þeim degi til 1. október sama árs, 511.773 krónum frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 530.951 krónu frá þeim degi til 1. desember sama árs, 555.917 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1995, 575.095 krónum frá þeim degi til 1. febrúar sama árs, 594.273 krónum frá þeim degi til 1. mars sama árs, 613.451 krónu frá þeim degi til 1. apríl sama árs, 632.629 krónum frá þeim degi

til 1. maí sama árs, 651.807 krónum frá þeim degi til 1. júní sama árs, 670.985 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama árs, 690.163 krónum frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 709.341 krónu frá þeim degi til 1. september sama árs, en af 728.519 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 28. október 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Gestur Jónsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni 26. október 1995 og þingfestri 16. nóvember s. á., fyrir hönd Jóhönnu Pálmadóttur, kt. 280827-3399, Þórunnarstræti 117, Akureyri, á hendur Jakobi Björnssyni, kt. 270450-3349, Tjarnarlundi 2 J, Akureyri, stjórnarformanni, f. h. Lífeyris-sjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar, kt. 510169-3799, Geislagötu 9, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 728.519 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, samtals 257.811 kr.

Stefndi gerir þær kröfur að vera sýknaður af kröfum stefnanda um greiðslu lífeyris frá 65 ára aldri stefnanda. Jafnframt krefst hann þess að vera sýknaður af öllum afleiddum kröfum, þ. e. kröfu um dráttarvexti og málskostnað. Loks krefst stefndi þess, að verði krafa stefnanda um greiðslu lífeyris tekin til greina, verði hann sýknaður af kröfu um dráttarvexti, eins og hún er upp sett í stefnu, svo og, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hún hafi starfað um árabíl sem aðal-bókari hjá Sjúkrasamlagi Akureyrar og greitt frá og með 1. janúar 1972 ið-gjöld í Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar, sem í dag ber heitið Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar. Með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verka-skiptingu ríkis og sveitarfélaga voru ákvæði almannatryggingalaga um sjúkrasamlög felld niður. Starfsmenn sjúkrasamlaganna, sem áður höfðu verið starfsmenn sveitarfélaga, urðu með breytingunni ríkisstarfsmenn. Sjúkrasamlag Akureyrar var því lagt niður 31. desember 1989, og var stefn-andi þá ráðin til starfa hjá Tryggingastofnun ríkisins sem afgreiðslufulltrúi. Við þessa breytingu lákuðu laun stefnanda talsvert, en fyrsta árið fékk hún greidd biðlaun, sem námu þeirri launaskerðingu, er hún þurfti að þola. Þar sem stefnandi var í ársbyrjun 1990 orðin ríkisstarfsmaður, greiddi hún

frá þeim tíma í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Stefnandi varð 65 ára í ágúst 1992 og taldi sig við það öðlast rétt til greiðslna úr Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 12. gr. rg. sjóðsins. Þar sem greiðslur bárust ekki frá sjóðnum, leitaði stefnandi aðstoðar Starfsmannafélags Akureyrarbæjar, sem sendi inn fyrirspurn til stefnda. Stefnanda barst svar frá stefnda með bréfi, dags. 20. júní 1994, sbr. dskj. nr. 3:

„Á stjórnarfundi hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar 10. júní sl. var tekið fyrir mál allra þeirra, er fluttust til Lsj. stm. ríkisins með verkaskiptingalögum ríkis og sveitarfélaga. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Allir þeir, sem fluttust til ríkisins við verkaskiptingalög ríkis og sveitarfélaga, falla undir síðustu málsgrein 12. gr. reglugerðar Lsj. stm. Akureyrarbæjar, sem hljóðar svo: „Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann er frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.“

Pitt mál er öðruvísi að því leyti til, að þú ferð úr starfi aðalbókara í starf afgreiðslufulltrúa, sem er talsvert lægra launað, en eftirlaunakröfu þinni er hafnað á þeirri forsendu, að þú ert í því starfi í eitt og hálft ár, áður en þú nærð eftirlaunaaldri, sem var við 65 ára markið, og að því leytinu til værir þú með óbreytt laun, þegar þú náðir eftirlaunaaldri.

Aftur á móti, þegar þú ferð á eftirlaun frá okkur, þá fengir þú greitt skv. starfi aðalbókarans skv. viðmiðun við aðra frá sama tíma.“

Stefnandi mótmælti afstöðu stefnda með bréfi, dags. 13. október 1994, og fór fram á, að stefndi endurskoðaði afstöðu sína, en með bréfi, dags. 23. júní 1995, barst svar stefnda, þar sem fyrri afstaða var ítrekuð og erindi stefnanda hafnað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir rétt sinn til greiðslna úr lífeyrissjóðnum á 1. mgr. 12. gr. reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar, er liggur frammi á dskj. nr. 6 og samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 1. febrúar 1994. En málsgreinin hljóðar svo:

„Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, hefur rétt til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri, enda láti hann þá af starfi sínu, og skyldur er hann að láta af starfi sínu í lok þess mánaðar, er hann nær 70 ára aldri.“

Svo sem áður greinir, hætti stefnandi störfum hjá Sjúkrasamlagi Akureyrar 31. desember 1989, er sjúkrasamlagið var lagt niður, og hóf starf hjá

nýjum vinnuveitanda, Tryggingastofnun ríkisins. Er stefnandi varð 65 ára í ágúst 1992, hafði hún því fullnægt báðum þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. mgr. 12. gr. rg., til greiðslna úr hendi sjóðsins. Af 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar megi ráða, að meðal þeirra atvika, sem geta valdið því, að sjóðfélagi öðlast ekki rétt til eftirlauna við 65 ára aldur, er, að hann láti ekki af starfi sínu og haldi því fullum launum. Starf það, sem stefnandi gegndi við 65 ára aldur, hafi hins vegar verið annað starf en hún gegndi á þeim tíma, er hún greiddi iðgjöld til stefnda. Starfið hafi enn fremur verið hjá öðrum vinnuveitanda, og stefnandi greiddi ekki lengur iðgjöld til stefnda af launum sínum. Sé það viðurkennd regla í tilvikum sem þessum, að sjóðfélagi öðlist rétt til eftirlauna þegar við 65 ára aldur þrátt fyrir það að vera enn í launuðu starfi. Sé það enn fremur viðtekin venja fram til þessa hjá stefnda að hefja greiðslu lífeyris, þegar er 65 ára aldri er náð, í tilvikum sem þessum, og er þar vísað til dskj. nr. 8, en þar segir í minnispunktum vegna máls stefnanda, að venjan hafi að minnsta kosti verið með þeim hætti, að þeir starfsmenn, sem hættir séu störfum hjá Akureyrarbæ og vinni hjá alls óskyldum aðila, hafi fengið greiddan lífeyri við 65 ára aldur þrátt fyrir það að vera í fullri vinnu annars staðar, og virðist í því sambandi ekki skipta máli, hvort um ríkisstofnun, stofnun í eigu ríkis og sveitarfélags eða einkaaðila sé að ræða. En það, sem geri þetta mál og önnur sambærileg hins vegar sérstök, sé, að viðkomandi starfsmenn séu í sömu störfum og fái greidd sömu eða sambærileg laun og að tilflutningur milli vinnuveitenda fari fram með lagasetningu frá Alþingi. Þannig sé ekki um það að ræða, að starfsmenn hafi sagt upp eða þeim hafi verið sagt upp og þeir síðan fengið vinnu annars staðar í hefðbundnum skilningi. Hins vegar séu þeir fluttir milli tveggja opinberra aðila með lagasetningu og gert ráð fyrir því, að réttindi og skyldur haldist óbreytt. Á þessum forsendum hafnaði stefnda greiðslu lífeyris til stefnanda.

Stefnandi telur það engu máli skipta, með hvaða hætti starfslok hennar bar að eða hver hinn nýi vinnuveitandi varð. Stefnandi mótmælir þeim skilningi stefnda, er hann byggir á lokamálsgrein 12. gr., sem rakin var hér að framan, og telur, að ákvæðið verði að skilja þannig, að starfsmaður, sem hefur fullnægt skilyrðum 1. mgr. 12. gr., öðlist þó ekki rétt til lífeyrisgreiðslu í eftirtöldum tilvikum:

Í fyrsta lagi, ef starfsmaður gegnir af einhverjum ástæðum áfram starfi, eftir að hann hefur verið leystur frá því sama starfi. Þetta ákvæði eigi ekki við um stefnanda, enda gegndi hún öðru starfi hjá Tryggingastofnun ríkisins en hún hafði áður gert hjá Sjúkrasamlagi Akureyrar. Þetta sé augljóst af því, að stefnandi fékk greidd biðlaun, eftir að hún tók við hinu nýja starfi.

Í öðru lagi, ef starfsmaður fær af öðrum ástæðum greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, þrátt fyrir það að hafa verið frá því leystur. Hér sé enn átt við tilvik, þar sem starfsmaður fær óskert laun fyrir sama starf og hann gegndi, er hann var frá því leystur. Þetta ákvæði myndi t. d. eiga við um tilvik, þar sem starfsmaður fær greidd biðlaun, eftir að starf hans hefur verið lagt niður. Er stefnandi varð 65 ára, gegndi hún hins vegar öðru starfi en hún gegndi, þegar hún greiddi iðgjöld til stefnda, og starfaði hjá nýjum vinnuveitanda og hafði lægri laun.

Stefnufjárhæð sé þannig fengin, að hún sé samtala þeirra greiðslna, sem stefnandi hefði átt að fá frá 65 ára aldri, þ. e. a. s. 28. ágúst 1992 til 1. september 1995. En samkvæmt 20. gr. reglna stefnda skulu greiðslur inntar af hendi mánaðarlega fyrir fram 1. hvers mánaðar.

Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, málskostnaðarkrafa er studd 130. gr. laga nr. 91/1991, og krafa um virðisaukaskatt á aðkeypta lögmannsþjónustu er reist á lögum nr. 50/1988.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að stjórnskipuleg staða Sjúkrasamlags Akureyrar hafi breyst nokkuð með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með lögnum hafi Tryggingastofnun ríkisins tekið formlega og að fullu við þeim verkefnum, er sjúkrasamlögin sinntu áður, svo að ekki var um það að ræða, að þau væru undirstofnanir Tryggingastofnunar ríkisins með sjálfstæða stjórn. Hins vegar hafi ekki verið um það að ræða, að starfssvið eða starfsvettvangur starfsfólksins breyttist umfram skipulagsbreytingar á yfirstjórninni. Sjúkrasamlögin hafi á sínum tíma verið stofnanir, sem starfa skyldu í hverjum kaupstað og sýslu, sbr. 37. gr. þágildandi laga um almannatryggingar nr. 67/1971. En í 2. gr. laganna sagði enn fremur, að samlögin væru undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Þá hafi kostnaður af rekstri sjúkrasamlaganna lengst af verið greiddur þannig, að ríkissjóður hafi greitt 85%, en sveitarsjóður 15%. Hafi sjúkrasamlögin starfað nokkuð sjálfstætt, þrátt fyrir það að þau heyrðu undir Tryggingastofnun ríkisins, haft sjálfstæða stjórn, séð sjálf um greiðslur launa og allan daglegan rekstur. Stefnandi hafi greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar frá árinu 1972, en nokkru áður höfðu starfsmenn Sjúkrasamlags Akureyrar sóst eftir því að greiða til sjóðsins, sem þeir höfðu ekki fengið í upphafi. Árið 1990 hafi stefnandi greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en með verkaskiptingalögnum hafi sú ákvörðun verið tekin af ríkisvaldsins hálfu, að starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skyldu greiða iðgjöld sín þangað. Er stefnandi krafðist lífeyris hjá stefnda, hafi sú ákvörðun verið tekin í stjórn stefnda, að litið skyldi á þá starfsmenn, sem störfuðu hjá stofnunum, er færðar voru til ríkisins með lög-

unum nr. 87/1989, sem starfsmenn í starfi samkvæmt 1., sbr. 8. mgr. 12. gr. rg. stefnda. Hafi þar einkum verið litið til þess, að lög nr. 87/1989 fólu aðallega í sér breytingu á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, en ekki hafi verið um það að ræða, að gerðar væru neinar meiri háttar breytingar á stofnunum, sem lögín fjölluðu um.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að starfsmenn þeirra stofnana, á hverra högum breyting var gerð með lögum nr. 87/1989, hafi ekki látið af störfum í skilningi 1. mgr. 12. gr. rg. Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar, og þar af leiði, að stefnda beri ekki skylda til að greiða þeim lífeyri frá 65 ára aldri. Einnig telur stefndi, að jafnvel þó að svo yrði litið á, að stefnandi hafi hafið störf hjá nýjum vinnuveitanda, eins og hún kjósi að nefna það, hafi það ekki þýðingu, þar sem skýra verði 1. mgr. 12. gr. með hliðsjón af 8. mgr. sömu greinar, þ. e. a. s. upphafsákvæði greinarinnar eigi ekki við, ef starfsmaður er enn í sama starfi og á sama starfsvettvangi, þegar og eftir að hann nær 65 ára aldri. Einnig vísar hann til þess, að 8. mgr. 12. gr. gangi lengra en 1. mgr. sömu greinar og taki til þess, ef breyting verði á formlegum rekstraraðila stofnunarinnar, enda þótt engin efnisbreyting verði á störfum starfsfólksins og starfsemi hennar. Lítur stefndi svo á, að við túlkun 12. gr. rg. skipti ekki máli, hvort það sé Sjúkrasamlag Akureyrar sem umboðsaðili Tryggingastofnunar ríkisins í héraði, er greiðir laun starfsmanna, eða launaskrifstofa ríkisins f. h. Tryggingastofnunar ríkisins. Hér sé um að ræða sama vinnuveitanda í merkingu 12. gr. Það, sem hér skipti meginmáli, sé auðvitað, að engin efnisbreyting hafi orðið á starfi og starfsvettvangi þeirra starfsmanna, sem við sjúkratryggingar störfuðu og starfa enn. Einungis hafi verið um að ræða minni háttar formbreytingu á viðkomandi stofnun og einföldun á stjórnkerfi hennar svo og ákveðna breytingu á kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og sé það aðalatriði málsins. Þessu til stuðnings vísar stefndi til 2. gr. þágildandi laga um almannatryggingar nr. 67/1971 um stjórnskipulega stöðu sjúkrasamlaganna. Það sé því röng fullyrðing, að starfsmenn sjúkrasamlaga hafi verið starfsmenn sveitarfélaga. Þeir hafi aðallega verið starfsmenn sjúkrasamlagsins sjálfs. Allt eins megi halda því fram, að starfsmennirnir hafi verið starfsmenn ríkisins eins og Akureyrarbæjar, ef út í það væri farið. Þeir hafi verið starfsmenn sjúkrasamlaganna og heyrir undir Tryggingastofnun ríkisins og þannig undir ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála. Þá bendir stefndi á það, að eitt af meginmarkmiðum við setningu laga nr. 87/1989 hafi verið það, að ekki yrði nein breyting á réttindum og skyldum starfsmanna og tryggt skyldi, að þeir

myndu í engu missa áunninn rétt sinn samkvæmt kjarasamningum, lífeyrisrétt o. s. frv., þrátt fyrir formbreytinguna. Að sama skapi megí vera ljóst, að ekki hafi heldur verið ætlunin, að starfsmenn ynnu betri rétt með þessari formbreytingu. Með öllu sé óeðlilegt, að starfsmenn, sem vinni hlið við hlið og hafi unnið sömu eða sambærileg störf á sama starfsvettvangi hjá hinu opinbera, standi frammi fyrir því, að réttindi þeirra verði gjörólík, einungis sökum þess að hið opinbera geri minni háttar formbreytingu á tilteknum stofnunum sínum með breyttri kostnaðarskiptingu og stjórnskipun. Sé það ekki einungis í samræmi við skýringu á ákvæðum 12. gr. rg. stefnda, sem leiða beri til sýknu, heldur eðli máls og sanngirnirök, sem ætla verði, að búi að baki ákvæðinu.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda, að hún hafi fengið biðlaun samfara þeim skipulagsbreytingum, er gerðar voru á stjórnsýslu stofnunarinnar með lögum nr. 87/1989, telur stefndi það engu máli skipta.

Niðurlagning stöðu stefnanda hafi einungis verið einn þáttur í þeim skipulagsbreytingum, sem gerðar voru, en ekki hafi verið um það að ræða, að verið væri að greiða biðlaun sökum þess, að stofnunin sem slík hefði verið lögð niður. Í þessu sambandi beri til þess að líta, að ekki hafi verið gerður nýr ráðningarsamningur við stefnanda og hún hafi haldið öllum öðrum réttindum, er hún hafi áunnið sér. Komi þetta fram á dskj. nr. 11, þar sem fram komi, að biðlaun þau, er stefnandi fékk greidd, hafi einungis verið mismunurinn á þeim launum, er hún fékk greidd sem aðalbókari, og þeim launum, er hún fékk greidd sem fulltrúi. Ekki hafi verið um það að ræða, að hún hafi fengið biðlaun, sem fólu í sér fulla greiðslu fyrir þau laun, sem hún fékk fyrir aðalbókarastarfið. Ef viðurkenna ætti sjónarmið stefnanda til greiðslu lífeyris samkvæmt 12. gr. rg. stefnda, þ. e., að hún væri komin til nýs vinnuveitanda, hefði hún væntanlega einnig átt að gera kröfu um full biðlaun úr hendi Sjúkrasamlags Akureyrar sem sjálfstæðrar stofnunar í eigu ríkis og sveitarfélaga, þar sem sjúkrasamlagið var ekki að bjóða henni nýtt starf, heldur ríkissjóður f. h. Tryggingastofnunar ríkisins. Í þessari afgreiðslu og því, að stefnandi undi henni á sínum tíma, felist viðurkenning á þeim sjónarmiðum, sem stefndi telur, að miða eigi við í máli þessu.

Til frekari staðfestingar á þessari málsástæðu stefnda bendir hann á, að samkvæmt launaseðlinum á dskj. nr. 11 komi fram, að starfsaldur stefnanda sé talinn frá því á janúar 1959.

Varðandi túlkun á 12. gr. rg. stefnda verði einnig að hafa í huga, að starfsmaður, sem hafi starfað hjá Akureyrarbæ í 20 ár, geti orðið að una því, að breytingar verði gerðar á starfi hans, t. d., að starfsheiti eða staða sé lögð

niður. Starfi hann hins vegar áfram hjá Akureyrarbæ, veiti slík breyting honum ekki rétt til að fá greiddan lífeyri við 65 ára aldur. Því hafi það enga þýðingu í máli þessu, að stefnandi hafi skipt um starf innan sama starfssviðs hjá hinu opinbera.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda er mótmælt sem rangri. Bendir stefndi á, að um sé að ræða kröfu, sem ekki hafi gjalddaga í skilningi 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, og leiði það af höfnun stefnda á greiðsluskyldu, að ekki sé eðlilegt að viðurkenna dráttarvexti af kröfunni fyrr en við þingfestingu hennar hér fyrir dómi, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi hafið störf hjá nýjum vinnuveitanda, er stjórnskipulagi Tryggingastofnunar ríkisins var breytt með lögunum nr. 87/1989, og af því leiðir, að stefndi mótmælir því jafnframt, að stefnandi hafi látið af störfum í skilningi 1. mgr. 12. gr. rg. stefnda. Þá bendir stefndi á, að jafnvel þó að litið yrði svo á, að stefnandi hefði eftir lagabreytinguna heyrt beint undir Tryggingastofnun ríkisins, en ekki stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar, og þar með fengið nýjan stjórnanda (vinnuveitanda), hafi hún samt sem áður verið áfram í starfi í skilningi 8. mgr. 12. gr. rg. stefnda.

Því er mótmælt, að það sé skilyrðislaus regla, að greiddur sé lífeyrir frá 65 ára aldri félagi í tilvikum sem þessum, og því einnig mótmælt, að það skipti ekki máli, með hvaða hætti starfslok koma til. Þá er því mótmælt, að sú skipulagsbreyting, sem gerð var á stofnuninni og leiddi til þess, að stefnandi tók við starfi fulltrúa, er starf aðalbókara var lagt niður, hafi þýðingu við túlkun 12. gr. reglugerðar stefnda. Breyting þessi hafi getað orðið, hvenær sem var á starfstíma stefnanda. Lagarök stefnda eru þau, að byggt er á 1. og 8. mgr. 12. gr. reglugerðar um Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar og almennum lögskýringarsjónarmiðum og sanngirnissjónarmiðum við túlkun á réttarstöðu aðila, svo og vísar hann til þeirra málsástæðna, er hér að framan hafa verið raktar.

Álit dómsins.

Með IV. kafla laga nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga voru sjúkratryggingar að öllu leyti færðar til ríkissjóðs, og framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga skyldi greiða Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, sbr. 22. gr. laganna. Jafnframt voru svonefnd sjúkrasamlög lögð niður, og skyldi Tryggingastofnun ríkisins annast sjúkratryggingar undir yfirumsjón heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, sbr. 8. gr. laganna. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir svo um 27. gr., að gert sé ráð fyrir því, að sjúkrasamlög hafi að fullu gert upp árið

1989 fyrir mitt ár 1990 og frá og með þeim tíma ljúki starfsemi þeirra algjörlega. Lagt sé til, að eignir sjúkrasamlaga renni til Tryggingastofnunar ríkisins og þær skuli nýttar undir umboðsskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins. Ekki sé gerð tillaga um yfirfærslu starfsfólks, en um þann þátt gildi að sjálf-sögðu reglur um opinbera starfsmenn, annars vegar þegar störf eru lögð niður og hins vegar um forgang að störfum. Þetta sé framkvæmdaratriði, sem ræða þurfi til hlítar, áður en breytingar öðlast gildi.

Ágreiningslaust er, að stefnandi var starfsmaður Sjúkrasamlags Akureyrar, áður en það var lagt niður 31. desember 1989, en gerðist ríkisstarfsmaður og greiddi í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá ársbyrjun 1990 í stað Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar. Enda þótt ríkissjóður hafi greitt meiri hluta útgjalda Sjúkrasamlags Akureyrar á sínum tíma, hefur stefnandi engu að síður verið viðurkennd fullgildur félagi í Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, stefnda, skv. 3. gr. rg. stefnda segir, að sjóðfélagar séu allir starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans, sextán ára og eldri, sem ráðnir séu hjá þessum aðilum í hálfu starf eða meira í fulla tólf mánuði og falli undir reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrarbæjar. Er Sjúkrasamlag Akureyrar var lagt niður 31. desember 1989, hætti stefnandi að greiða stefnda lífeyrissjóð, en greiddi sjóðgjöldin Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Er stefnandi gerðist ríkisstarfsmaður, hafði hún unnið sér inn rétt til eftirlauna skv. reglugerð stefnda.

Fallast verður á það með stefnanda, að samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðar stefnda hafi hún öðlast rétt til eftirlauna, þar sem hún hafði náð 65 ára aldri og hætt sjóðgjaldgreiðslum til stefnda. Í þessu viðfangi telur dómurinn ekki skipta máli, þó að starfssviði stefnanda hafi verið breytt með lögum og hún að einhverju leyti unnið hliðstæð störf. Ekki er tölulegur ágreiningur í máli þessu, og eru kröfur stefnanda því teknar til greina að fullu. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, greiði stefnanda, Jóhönnu Pálmadóttur, 728.519 kr. ásamt dráttarvöxtum [...].

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 200.000 kr.